

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands, nr. 252/2002.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

*Útseld vinna.*

	kr./klst.
3.1 Sérfræðingur I .....	6.300
3.2 Sérfræðingur II .....	5.300
3.3 Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn .....	4.000

2. gr.

Breyting þessi sem gerð er samkvæmt 4. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*

## AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag í landi Miðdals, lóð fyrir frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. febrúar 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskrárn. 9400-0320, sem er 3,45 ha að stærð úr landi Miðdals. Spildan er á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístunda- byggðar. Skipulagið felst í að afmörkuð er lóð fyrir allt að 70 m<sup>2</sup> frístundahús norðan Selvatns.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. mars 2003.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.